



Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps

13. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps haldinn 27. ágúst 2012 klukkan 15:30, á Höfðagötu 3, Hólmavík.

Mættir: Andrea Björnsdóttir (Reykhólahreppi), Bryndís Sveinsdóttir (Strandabyggð), Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir (Strandabyggð), Hrefna Þorvaldsdóttir, í síma (Árneshreppur), Jenný Jensdóttir (Kaldranaeshreppur).

Hildur Jakobína Gísladóttir félagsmálastjóri skrifaði fundargerð.

Mál á dagskrá:

1. Fundargerðir, 16., 18., og 19. Funda verkefnahóps Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Bókun: „Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps samþykkir fundargerðir verkefnahóps málefna fatlaðs fólks, hjá Byggðasamlagi Vestfjarða.“

2. Siðareglur félagsþjónustu Stranda- og Reykhólahrepps

Bókun: „Velferðarnefnd Stranda- og Reykhólahrepps fagnar tilkomu siðareglna hjá félagsþjónustunni og samþykkir þær.“

3. Eineltis- og viðbragðsáætlun fyrir starfsmenn sveitarfélaganna, Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabygðar.

Bókun: Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps samþykkir eineltis- og viðbragðsáætlun félagsþjónustusvæðanna og mælist til þess að hún sé kynnt öllum starfsmönnum sveitarfélaganna fjögurra.

4. Reglur um ferðaþjónustu fatlaðra

Bókun: Unnar hafa verið reglur um ferðaþjónustu fatlaðra sbr. lög um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Velferðarnefnd Stranda- og Reykhólahrepps leggur til að greiða þurfi 350 krónur fyrir hverja ferð og að hámark ferða per mánuð séu 30 ferðir.“

5. Kynning á þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014.

Lagt til kynningar framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Óskað er eftir tenglum frá öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum e ins og öðrum landshlutum. Verkefnahóur málefna fatlaðs fólks hjá Byggðasamalg Vestfjarða leggur til að félagsmálastjórar á hverju svæði verði tenglar vegna framkvæmdaráætlunarinnar.

Bókun: „*Velferðarnefnd Stranda- og Reykhólahrepps samþykkir tillögu verkefnahópsins um að félagsmálastjóri Stranda-og Reykhólahrepps sé tengill við tilnefnda samstarfsaðila sveitarfélaganna fjögurra varðand framkvæmdaáætlunina.*“

6. Reglur um stuðningsfjölskyldur í málaflokki fatlaðs fólks.

Lagt fyrir nefndina reglur um stuðningsfjölskyldur sem unnar voru af verkefnahópi málefna fatlaðs fólks, hjá Byggðasamlagi Vestfjarða. Reglurnar verða sameiginlegar málaflokknum á öllum Vestfjörðum.

Bókun: „*Velferðarnefnd Stranda-og Reykhólahrepps samþykkir reglur um stuðningsfjölskyldur, sem unnar voru af verkefnahópi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks*“.

Fundi slitið klukkan 17:50

Andrea Björnsdóttir

Bryndís Sveinsdóttir

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Hrefna Þorvaldsdóttir

Jenný Jensdóttir